

Mosfellsbær
Kristinn Pálsson
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 10. mars 2022

Tilvísun: 202202107 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðal- og deiliskipulagi Mosfellsbæjar vegna Miðsvæðis Sunnukrika 401-M

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 24. febrúar 2022, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. febrúar 2022, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og breytingu á deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðra skipulagstillagna er að marka stefnu um heimild fyrir uppbyggingu íbúða á efri hæðum fyrirhugaðs verslunar- og þjónustuhúsnæðis við Sunnukrika sem er skilgreint sem miðsvæði, ásamt því að setja skýrari skipulagsákvæði varðandi uppbyggingu á svæðinu.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytinganna en bendir á að við mótun tillagnanna verði hugað að vandaðri bæjarhönnun og búsetugæðum fyrir væntanlega íbúa svæðisins og sett skipulagsákvæði/-skilmálar í samræmi við það.

Í skipulagstillögunum þarf að koma fram heildarfjöldi íbúða á svæðinu og jafnframt þarf að gera grein fyrir áhrifum breytinganna á umhverfið skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana en haga þarf umhverfismati í samræmi við efni og umfang breytinganna.

Esther Björg Andreassen

Esther Björg Andreassen

